



Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Iceland

• ☎ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 19. ágúst 2005
Tilvisun: UST20050600214/sf

Álver í Reyðarfirði, Fjarðabyggð. Ársframleiðsla allt að 346.000 tonn. Tillaga að matsáætlun.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 1. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu Alcoa Fjarðaráls s.f. að matsáætlun vegna mats á umhverfisáhrifum ávers í Reyðarfirði.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögu að matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar.

Sjónræn áhrif

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað verði sérstaklega um sjónræn áhrif álversins séð frá fólkvangi og friðlandi á Hólmanesi. Einnig að greint verði frá mögulegum mótvægisáðgerðum til að draga úr sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar.

Efnistaka

Í umfjöllun um umhverfisáhrif á framkvæmdatíma í tillögu að matsáætlun segir m.a. að efnistaka sé á ábyrgð verktaka sem sjái um hæðarjöfnun.

Umhverfisstofnun bendir á að efnistakan sem slik er hluti af framkvæmdinni og þar með umhverfisáhrifum hennar og því mikilvægt að fjallað verði með fullnægjandi hætti um umhverfisáhrif efnistöku vegna framkvæmdarinnar. Fjallað verði um efnistöku m.a. með hliðsjón af VI. kafla nr. 44/1999 um náttúruvernd.

þjóðhagsleg áhrif


Í tillögu að matsáætlun kemur fram að þjóðhagsleg áhrif byggingar ávers verði metin og rædd í matsskýrslu.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að í úrskurði umhverfisráðherra um mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar frá 20. desember 2001 kemur fram að taka skuli afstöðu til framkvæmdar án tillits til þjóðhagslegs ávinnings eða taps. Álit

UST

umhverfisráðuneytis var að ekki bæri að fjalla um þjóðhagsleg áhrif framkvæmdarinnar og arðsemi hennar við mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000.

Virðingarfyllst,



Sigurrós Friðriksdóttir
Fagsviðsstjóri



Helgi Jónasson
forstöðumaður framkvæmda-
og eftirlitssviðs